

**Sp.**

**4. Nefndarálit**

[1. mál]

um tillögu til þingsályktunar um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu.

Frá landgræðslu- og gróðurverndarnefnd.

Nefndin hefur á fundi í dag fjallað um tillögu til þingsályktunar um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun. Telur hún vel við eiga að minnast 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu með því, að Alþingi taki í umboði þjóðarinnar ákvörðun um, að varið skuli riflegu fjárframlagi á næstu fimm árum til að græða upp landið og vernda gróður þess. Nefndin er sammála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 25. júlí 1974.

Gunnar Thoroddsen,  
form., frsm.

Þórarinn Þórarinsson,  
fundaskr.

Ragnar Arnalds.

Benedikt Gröndal.

Magnús T. Ólafsson.